

Nd. **141. Frumvarp til laga** [15. mál]
um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

Samhljóða þskj. 17 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2 000 milljónir króna til sölu innanlands á næstu fjórum árum.

7. gr. hljóðar svo:
Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið að $\frac{2}{3}$ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurveggar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að $\frac{1}{3}$ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.